



Selfossi, 12.9.2023

Fundargerð stjórnar

11. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 12. september 2023, kl. 14:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson, Heiða Ösp Árnadóttir og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. **Launamál**

Pétur kynnti stöðu á launaáætlun miðað við fyrstu 8 mánuði ársins. Vel hefur tekist að stýra launaútgjöldum og því líkur á að ekki þurfi að fara fram á auka fjármagn þrátt fyrir kjarasamningsbundnar launahækkanir sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun.

2. **Nýr kjarasamningur LSOS - þrekálag**

Búið er að skrifa undir nýjan kjarasamning við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og gildir hann frá 1. október 2023 til 31. mars 2024. Helstu áhrif kjarasamningsins á BÁ er rúmlega 60% hækkun á þrekálagi. Verið er að kjósa um kjarasamninginn um þessar mundir og kemur í ljós á næstu dögum hvort hann verði samþykktur.

3. **Fjárhagsstaða fyrstu 6 mánuði ársins**

Pétur fór lauslega yfir fjárhagsstöðu BÁ 30/6. Talið er líklegt að takast muni að láta fjárhagsáætlun ársins standast.

4. **Fjárhagsáætlunargerð 2024**

Fjárhagsáætlunargerð er komin af stað fyrir árið 2024. Nýr kjarasamningurinn mun gilda til 31. mars 2024 og má þá gera ráð fyrir hækkunum sem ekki verður hægt að gera ráð fyrir í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2024.

5. **Gerð brunavarnaáætlunar**

Pétur kynnti stöðuna á gerð brunavarnaáætlunar en breyting verður á áætluninni núna og verður hún á rafrænu formi og vistuð á vef Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar. Eldvarnaeftirlitið er að vinna að gerð áhættugreininga fyrir helstu áhættur í sýslunni en áætlaður fjöldi áhættumata er um 350. Lárus kynnti þá vinnu sem er í gangi vegna áætlunarinnar.

6. **Staða jafnlaunavottunar**

Gerð jafnlaunavottunar er í vinnslu. Samkvæmt fyrstu launagreiningu er enginn launamunur innan BÁ. Töluverður kostnaður er við jafnlaunavottun sem ekki var áætlaður fyrir þetta ár og þarf að gera ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlunum næstu ára.

7. **Uppfærsla á gjaldskrá BÁ**

Gjaldskrá BÁ er í endurskoðun en hún hefur verið óbreytt frá 2013. Helstu breytingar er hækkun á tíma gjaldi en gjaldskrá SHS er höfð til hliðsjónar við þá ákvörðun. Samþykkt að uppfæra gjaldskrána og tengja við vísitölu.

8. **Útkallstölfraði 2023**

Lárus kynnti útkallstölfraði það sem af er ári 2023.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'LUG', 'H.K.', 'HÖT', and 'URÖ'.

9. **Gróðureldamál og reynsla af farartækjum**

Lárus kynnti hugmyndir að kaupum að Buggy bíl vegna gróðurelda eins og slökkviliðið í Grindavík á og nýttist mjög vel í gróðureldum við eldgosid.

10. **Húsnæðismál, stöð 100**

Björgunarfélag Árborgar hefur boðið B.A. að kaupa hluta BFÁ í miðrymi Björgunarmiðstöðvarinnar á Selfossi. Um er að ræða 43 m² á jarðhæð og 60,3 m² í kjallara. Umræður. Slökkviliðsstjóra falið að ræða við BFÁ.

11. **Staðan á tækjageymslu stöð 300**

Pétur fór yfir málefni tækjageymslu á Laugarvatni.

12. **Seinkun á afhendingu dælubíls**

Vegna íhluta frá Úkraínu verður seinkun á afhendingu nýs dælubíls a.m.k. til vors 2024.

13. **Björgunarmiðstöð uppsveita**

Pétur kynnti óformlega kostnaðargreiningu varðandi Björgunarmiðstöð uppsveita. Umræður.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 16:00

Án Þórkesson

Helga Hjartarson

Jóhanna Jónsdóttir

Boggi

Pétur Pétursson

Lárus Kristinn Guðmundsson

Heða Ósp Árnadóttir

Anna Björg Ógundsdóttir